

Nd. **128. Frumvarp til laga** [114. mál]

um sérstakan dómara og rannsóknardeild í skattamálum og bókhaldsmálum.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Mál vegna brota á skattalögum og lögum um bókhald skulu rannsökuð, rekin og dæmd fyrir sérstökum dómi í skattamálum.

2. gr.

Dómur í skattamálum og bókhaldsmálum skal hafa aðsetur í Reykjavík. Ráðherra skipar dómara í skattamálum, og skal hann (þeir) fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa þekkingu á rannsókn og meðferð skattamála. Hann nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdómarar. Hann getur haldið dómþing hvar á landinu sem er.

3. gr.

Við embætti dómara í skattamálum og bókhaldsmálum skulu starfa svo margir fulltrúar sem þörf er á að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa samkvæmt 1. mgr. og fullnægja ákvæðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, heimild til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómarastörfum, sem þeim eru falin.

4. gr.

Um málsmeðferð alla fyrir dómi í skattamálum og bókhaldsmálum skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

5. gr.

Nú verður það uppvíst í máli, sem er til meðferðar fyrir dómi í skattamálum, eða ástæða er til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar at-hafnir, og skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og meðferð brotanna skuli haldið áfram fyrir dómi í skattamálum eða sent til meðferðar hinum almenna dómi.

Nú kemur upp í almennu refsímáli, eða ástæða þykir til að ætla, að söku-
nautur hafi einnig framið refsivert brot, sem tekur til skattamála eða bókhalds-
mála, og skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og með-
ferð brotanna skuli haldið áfram fyrir hinum almenna dómi eða sent til meðferðar
dóms í skatta- og bókhaldsmálum.

6. gr.

Telji héraðsdómari, að ástæða sé til að ætla að brot hafi verið framið í skatta-
eða bókhaldsmálum, skal hann hefja frumrannsókn, en jafnframt tilkynna dómi í
skatta- og bókhaldsmálum um málið, sem tekur við meðferð þess svo fljótt sem
fært þykir.

7. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög þessi ákveða, hver störf
skuli lögð undir embætti dómara í skatta- og bókhaldsmálum.

8. gr.

Við dóm í skatta- og bókhaldsmálum skal starfa rannsóknardeild, er hafi
með höndum rannsóknir í skatta- og bókhaldsmálum. Forstöðumaður deildarinnar,
skattannsóknarstjóri, stýrir rannsóknarstarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra,
en deildin heyrir eigi að síður undir dómsmálaráðuneyti.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði um rann-
sóknardeild í lögum um tekjuskatt og eignarskatt (3. mgr. 42. gr. laga nr. 68 1971).

Greinargerð.

Þetta frumvarp til laga um sérstakan dómstól í skattsvika- og bókhaldsafbrotá-
málum er að mestu sniðið eftir lögum um dómstól í ávana- og fíkniefnamálum.
Á því leikur varla nokkur vafi, að sérdómstólar eiga rétt á sér til þess að sinna
málum, sem eru sérstaks eðlis og auðveldlega má taka út úr hinum almenna dóms-
kerfisgeira.

Það er skoðun þeirra, sem þetta mál flytja, að skattsvik og bókhaldsafbrot í
samfélaginu hafi valdið miklu tjóni á undanförunum árum, bæði efnahagslegu og
ekki síður siðferðislegu. Dómskerfið hefur reynst allsendis ófært um að snúast
gegn þessum vandamálum, bæði vegna þess að á slík mál hefur ekki verið lögð
sérstök áhersla, dómskerfið almennt hefur verið seinvirkt og þungt í vöfum og
ekki síst af þeirri ástæðu, að sérmenntaðan starfskraft, sem sinnti þessu verkefni
einvörðungu, hefur vantað.

Neðanjarðarhagkerfið, sem svo hefur verið kallað, er umfangsmikið á Íslandi.
Koma þar til atviki, sem augljóslega eru brot á skattalögum, og eins atviki, þar
sem óljóst er, vegna óljósra heimilda, hvort verið sé að brjóta skattalög. Má þar
tiltaka hina augljósu tilhneigingu þeirra, sem að rekstri standa, til þess að skrá
meira eða minna af einkaneyslu sinni á rekstur fyrirtækjanna. Skattaskil hafa
verið eftirlitlítill — og umfram allt hafa skattsvik ekki verið meðhöndluð sem
önnur afbrot.

Að því má leiða nokkur rök, að það hefur ekki verið pólitískur vilji þess
meiri hluta, sem stjórnað hefur samfélaginu á hverjum tíma, að hafast að gegn
skattsvikum og bókhaldsafbrotum. Þessu er gert ráð fyrir að breyta, nái þetta
frumvarp fram að ganga. Það felst í því mikill áherslumunur að flytja skattsvika-

mál undir dómsmálaráðuneyti, með því er verið að leggja til aukna áherslu og viðurkenningu á þeirri staðreynd, að skattsvik eru sem hvert annað afbrot.

Hætt er þó við, að framkvæmd slíkrar löggjafar sé komin undir vilja og krafti stjórnvalda á hverjum tíma. Það verður að fara fram viðhorfsbreyting hjá stjórnvöldum. Þau verða að viðurkenna, að skattsvik og bókhaldsafbrot eru alvarlegt sjúkdómseinkenni í samfélaginu.

Á síðustu árum vaxandi verðbólgu hafa bókhaldsafbrot orðið æ meira áberandi þáttur í efnahagsmálum þjóðarinnar. Jafnljóst er, að stjórnkerfið hefur reynst mikið til ófært um að snúast gegn þessari þróun. Allkunn eru dæmi um að mál af þessari tegund hafa verið á ferðinni fyrir dómstólum á annan áratug. Fjöldmörg mál af þessu tagi, sem um hefur verið fjallað í opinberri blaðamennsku samtímans, hafa hins vegar tafist mjög fyrir dómstólum.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að slík mál, svo og skattsvikamál, verði sett undir einn hatt, sérstakan dómstól. Það mundi þýða, að sérhæfður starfskraftur fjallaði um þessi mál, og það mundi væntanlega og vonandi þýða, að sérstakt átak yrði gert af hálfu stjórnvalda, til þess að spyrna við fótum.

Samspil verðbólgu, aukinna skattsvika og aukinnar tilhneigingar bókhaldsafbrotu er vafalaust mikið. Undanfarin ár hafa skattsvik og bókhaldsafbrot vakið meiri athygli manna en oft áður. Samfélagið verður að snúast gegn vandamálunum, sem koma upp, og þá auðvitað fyrst og fremst með fyrirbyggjandi aðgerðum. En jafnframt verða stjórnvöld að taka þá markandi ákvörðun, að efnahagsleg afbrot eru hvorki betri né verri en önnur afbrot. Þegar það hefur fengist viðurkennt, verður eftirleikurinn stórum auðveldari.

Samþykkt þessa frumvarps kallar á þá áherslubreytingu í skattalögum, að skýrar verði kveðið á um, hvað teljist skattsvik og hvað ekki.